

216. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 9. APRIL 2014 KL 9:00

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

DAGSKRÁ

- a) Fundarsetning og fundargerðir tveggja síðustu funda.
- b) Kirkjuþing.
 - a. Kirkjuþing 2013.
 - b. Kirkjuþing 2014.
 - c. Endurskoðun starfsreglna.
- c) Starfshópur um endurskoðun sóknargjalda.
Fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur til fjármála- og efnahagsráðherra um sóknargjöld.
- d) Skálholt.
 - a. Staða mála vegna útleigu á gisti- og veitingaþjónustu.
 - b. Erindi frá innanríkisráðuneytinu.
 - c. Ábúð í Skálholti.
 - d. Ársreikningur Skálholtsstaðar 2013.
- e) Fasteignir.
 - a. Skálholt, eignakaup samkvæmt úttekt.
 - b. Skálholt, viðhaldsverkefni o.fl.
 - c. Viðgerð á listgluggum Skálholtskirkju.
 - d. Minnisblað fasteignanefndar til kirkjuráðs.
 - e. Möðruvellir, skipting jarðar.
 - f. Staðastaður, eignakaup samkvæmt úttekt.
- f) Fjármál.
 - a. Ársreikningur Kristnisjóðs 2013 og endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar.
 - b. Ársreikningur þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu 2013.
 - c. Bráðabirgða rekstraryfirlit Kirkjumálasjóðs 2013.
 - d. Fráheimild vegna prests heyrnarlausra.
 - e. Yfirliti yfir fjárhagslegt tekjutap þjóðkirkjunnar vegna úrsagna úr þjóðkirkjunni árið 2012 og 2013 bæði fyrir sóknirnar og sjóði kirkjunnar.
 - f. Ársreikningur Hins almenna kirkjusjóðs og endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar.
 - g. Fjárhagsáætlanir nefnda.
 - h. Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs.
 - i. Erindi frá Þorláksbúðarfélaginu.
- g) Tillaga um prestsþjónustu í Svíþjóð og Danmörku.
- h) Fjölskylduþjónusta kirkjunnar og Hjálparstarf kirkjunnar.

- i) Önnur mál.
 - a. Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar, skipun nefndarinnar.
 - b. Garðaprestakall, Vesturlandprófastsdæmi, prestsþjónusta.
 - c. Túlkaþjónusta vegna heyrnarlausra og heyrnarskertra.
 - d. Erindi frá Heyrnarhjálp.
 - e. Ráðgjafi valnefnda.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni Skálholts voru til umræðu.

Bjarni Kr. Grímsson, formaður fasteignanefndar kirkjunnar og Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteignasviðs, sátu fundinn þegar fimmti dagskrárliður var til umræðu.

Séra Gísli Jónasson og Inga Rún Ólafsdóttir, kirkjuþingsfulltrúi, sátu fundinn þegar þriðji dagskrárliður var til umræðu.

Fundurinn hófst á lestri passúsálms og bænagjörð, með starfsfólki Biskupsstofu.

Fundargerðir kirkjuráðsfunda 214 og 215 voru samþykktar.

2. KIRKJUÞING

a) Kirkjuþing 2013.

Eftirfarandi málum var vísað til kirkjuráðs:

10. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007. Tillagan fjallar um niðurlagningu prestsetra.
Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til fjármálahóps kirkjuráðs.

11. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009. Tillagan fjallar um sölu greiðslumarks.
Kirkjuráð samþykkti að skipa þriggja manna vinnuhóp til að safna saman upplýsingum um stöðu prestssetursjarða og kynna þær upplýsingar á fundi kirkjuráðs, eigi síðar en í september nk. Kirkjuráð samþykkti að skipa Bjarna Kr. Grímsson, Guðmund Þór Guðmundsson og séra Gunnlaug Stefánsson í vinnuhópinn.

13. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að fela kirkjuráði að kynna drög kirkjulaganefndar frá 1. október 2013 að frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga, með breytingum á þingskjali 80. Frumvarpið verði lagt fyrir 51. kirkjuþing 2014 til afgreiðslu.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við biskup að málinu verði vísað til prófasta, til kynningar í héraði.

14. mál. Þingsályktun um endurskoðun starfsreglna nr. 1109/2011 um val og veitingu prestsembættis.

Kirkjuþing 2013 ályktaði að nefnd sú sem kosin var á kirkjuþingi 2012 til að endurskoða starfsreglur nr. 1109/2011 um val og veitingu prestsembættis skuli starfa áfram og skila endanlegum tillögum til kirkjuþings 2014.

Kirkjuráð samþykkti að veita nefndinni 500 þ.kr. til áframhaldandi starfa.

16. mál. Þingsályktun við tillögu að starfsreglum um samkirkjunefnd.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að skipa þriggja manna starfshóp til að fara yfir núgildandi starfsreglur um Samkirkjunefnd Þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005. Starfshópurinn skili skýrslu og tillögum sínum til kirkjuráðs í september nk. sem leggur þær fyrir kirkjuþing 2014.

Kirkjuráð samþykkti að veita starfshópnum 300 þ.kr.

28. mál Þingsályktun um auglýsingar prestsembættis.

Kirkjuþing 2013 ályktaði að leggja til við biskup Íslands að embætti preta verði að jafnaði auglýst laus til umsóknar 1. mars og valnefndir ljúki vali fyrir 1. maí. Prestar taki við embætti 1. ágúst.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til biskups Íslands.

29. mál. Þingsályktun um skipun starfshóps til að vinna að stefnumótun um stjórnslu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að skipa Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur, Steindór Haraldsson og Sveinbjörgu Pálsdóttur, í þriggja manna starfshóp, til að vinna að stefnumótun á stjórnslu þjóðkirkjunnar. Niðurstöður verði lagðar fyrir 51. kirkjuþing haustið 2014 að því gefnu að fjármagn fáiast í verkið.

Kirkjuráð samþykkti að veita starfshópnum 1 m.kr.

b) Kirkjuþing 2014, tímasetning og undirbúningur.

Kirkjuþing 2014, verður sett laugardaginn 25. október. Námskeið verður haldið fyrir nýja fulltrúa á kirkjuþingi 24. október. Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar, drög að málaskrá. Rætt var um hugmyndir að staðsetningu kirkjuþingsins.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að undirbúa kirkjuþing 2014, ásamt forseta kirkjuþings.

c) Endurskoðun starfsreglna.

Framkvæmdastjóri benti á að ýmsar starfsreglur kirkjuþings þyrftu endurskoðunar við.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi kirkjuráðs að endurskoða allar starfsreglur og leggja tillögur að breytingum fyrir kirkjuráð.

3. STARFSHÓPUR UM ENDURSKOÐUN SÓKNARGJALDA

- Séra Gísli Jónasson og Inga Rún Ólafsdóttir sem starfa, sem fulltrúar þjóðkirkjunnar, í starfshópi innanríkisráðuneytisins um endurskoðun sóknargjalda, kynntu starf starfshópsins. Kirkjuráð samþykkti að fela fulltrúum þjóðkirkjunnar í starfshópnum, að vinna að því að undirritað verði samkomulag við ríkisvaldið um endurskoðun sóknargjalda.

- Svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um sóknargjöld, var lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og séra Gísla Jónassyni að koma sjónarmiðum kirkjuráðs á framfæri við ráðuneytið og alþingismenn.

4. SKÁLHOLT

a. Staða mála vegna útleigu á gisti- og veitingaþjónustu.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála. Alls hafa átta aðilar lýst yfir áhuga á því að leggja inn tilboð og hefur kirkjuráð samþykkt að þeim aðilum verði send leigulýsingargögn. Frestur til að skila inn tilboðum er til 25. apríl nk.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og Ásbirni Jónssyni að yfirfara þau tilboð sem berast og undirbúa þau gögn fyrir kirkjuráðsfund í maí.

b. Erindi frá innanríkisráðuneytinu.

Erindi innanríkisráðuneytisins um útleigu kirkjuráðs á gisti- og veitingarekstri í Skálholti, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindi ráðuneytisins.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir starfsskýrslu Skólaráðs Skálholtsskóla vegna starfa ráðsins síðustu fjögur ár.

c. Ábúðin á jörðinni, Skálholti.

Ábúandi jarðarinnar lýkur ábúð á fardögum, 31. maí nk. Séra Gísli Gunnarsson kynnti málið og þær viðræður sem hann og framkvæmdastjóri áttu við ábúandann.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að auglýsa til ábúðar jörðina Skálholt frá og með 1. júní nk.

d. Ársreikningur Skálholtsstaðar 2013, lagður fram til samþykktar.

Fjármálastjóri lagði fram endurskoðaðan ársreikning Skálholtsstaðar 2013.

Kirkjuráð samþykkti ársreikning Skálholtsstaðar 2013 og áritaði hann.

5. FASTEIGNIR

a. Skálholt, eignakaup samkvæmt úttekt.

Fulltrúar fasteignanefndar kynntu niðurstöðu úttektarmanna sveitarfélagsins vegna ábúðarloka bóndans í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti aukafjárveitingu til fasteignasviðs að upphæð 5.8 m. kr. til að gera upp við ábúandann í Skálholti.

b. Skálholt, viðhaldsverkefni o.fl.

Formaður fasteignanefndar kynnti ástand eigna í Skálholti. Ljóst er að framundan eru þónokkrar endurbætur á húsakynnum Skálholtsskóla.

c. Listgluggar Skálholtsdómkirkju, viðgerð. Bréf formanns Skálholtsfélagsins.

Bréf Jóns Sigurðssonar, formanns Skálholtsfélagsins hins nýja, lagt fram til kynningar.

Erindið fjallar um fjársöfnun sem félagið vill beita sér fyrir að fengnu samþykki kirkjuráðs, til að standa straum á kostnaði við viðgerð á listgluggum Skálholtsdómkirkju.

Kirkjuráð þakkar frumkvæði félagsins og samþykkti að heimila félaginu að vinna að fjársöfnuninni.

d. Minnisblað fasteignanefndar.

Formaður fasteignanefndar lagði fram minnisblað til kynningar á málefnum nokkurra prestssetra og kirkjujarða og ástandi þeirra.

Fasteignanefnd óskar eftir því að kirkjuráð heimili að kostnaður við sölu á jörðum og eignum kirkjunnar verði dreginn frá söluandvirði seldra eigna, í stað þess að dragast frá fjárheimild fasteignasviðs.

Kirkjuráð samþykkti ofangreinda beiðni.

e. Möðruvellir, skipting jarðar.

Erindi frá fasteignanefnd dagsett 31. mars, er varðaði skiptingu jarða Möðruvalla, lagt fram til kynningar. Erindinu fylgdi bókun um sama efni frá sóknarnefnarfundum

Möðruvallaklausturssóknar frá 3. desember 2013.

Þar sem fyrirhugað er að auglýsa embætti prests í nýju Dalvíkurprestakalli og presturinn skal hafa búsetu á Möðruvöllum óskar fasteignanefnd eftir því að jörðin verði undanskilin í auglýsingu.

Kirkjuráð taldi ekki eðlilegt að undanskilja jörðina í auglýsingu og hafnaði erindi fasteignanefndar.

Kirkjuráð samþykkti tillögu biskups í málinu sbr. bókun kirkjuráðs í máli 2 a. Vinnuhópurinn mun skoða stöðu jarðarinnar á Möðruvöllum.

Katrín Ásgrímsdóttir og Ásbjörn Jónsson sátu hjá við afgreiðslu málsins.

f. Staðastaður, eignakaup samkvæmt úttekt.

Frankvæmdastjóri lagði fram til kynningar uppgjör við fráfarandi sóknarprest á Staðarstað, en hann flytur af staðnum á fardögum.

6. FJÁRMÁL

a. Ársreikningur Kristnisjóðs 2013 og endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar.

Fjármálastjóri lagði endurskoðaðan ársreikninginn fram til samþykktar.

Einnig var lagt fram endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar.

Kirkjuráð samþykkti ársreikning Kristnisjóðs 2013 og var hann undirritaður.

b. Ársreikningur Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu 2013.

Fjármálastjóri lagði fram ársreikning Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu 2013 sem skilað var til Fjárslu ríkisins í lok mars 2014.

c. Bráðabirgðarekstraryfirlit Kirkjumálasjóðs 2013.

Fjármálastjóri kynnti bráðabirgðarekstraryfirlit Kirkjumálasjóðs 2013. Endurskoðaður ársreikningur verður lagður fram á júnífundum kirkjuráðs.

d. Fjárheimild vegna prests heyrnarlausra.

Kirkjuráð samþykkti að nýta megi á þessu ári, 200 þ.kr. fjárheimild, sem ekki var nýtt á liðnu ári.

e. Yfirliti yfir fjárhagslegt tekjutap þjóðkirkjunnar vegna úrsagna úr þjóðkirkjunni.

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar yfirlit yfir fjárhagslegt tekjutap þjóðkirkjunnar vegna úrsagna úr þjóðkirkjunnar árið 2013 og fyrstu tvo mánuði ársins 2014.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfhópi að skoða málið og skila kirkjuráði hugmyndum að aðgerðum, á fundi kirkjuráðs í ágúst.

f. Ársreikningur Hins almenna kirkjusjóðs.

Endurskoðaður ársreikningur Hins almenna kirkjusjóðs áritaður af Biskupi Íslands og fjármálastjóra var lagður fram ásamt endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar.

g. Fjárhagsáætlanir nefnda.

Fjármálastjóri kynnti endurskoðuð drög að fjárveitingum vegna nefndarstarfa.

Kirkjuráð samþykkti fjárveitingu vegna nefndarstarfa að upphæð 13 m.kr. Af þeim eru 3 m.kr. fjármagnaðar af fjárheimild Biskupsstofu.

h. Fundargerð fjármálahóps.

- Hallgrímssókn í Reykjavík.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir fundi fjármálahóps kirkjuráðs með fulltrúum Hallgrímssóknar í Reykjavík.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að vinna að því með fulltrúum sóknarinnar að fá framlag ríkis og borgar hækkað með nýju samkomulagi og setja í nýjan farveg framtíðarskipan á fjárveitingum þjóðkirkjunnar til Hallgrímssóknar.

Kirkjuráð samþykkti framlag úr Jöfnunarsjóði sókna til Hallgrímssóknar að fjárhæð 15 m.kr. vegna ársins 2014, með þeim fyrirvara að hún verði endurskoðuð þegar nýtt samkomulag við ríki og borg liggur fyrir.

- Patreksfjarðarsókn og framlag Jöfnunarsjóðs.

Kirkjuráð samþykkti að framlag Jöfnunarsjóðs sókna verði 3 m.kr. á árinu 2014.

- Hólssókn og framlag Jöfnunarsjóðs.

Kirkjuráð samþykkti að framlag Jöfnunarsjóðs sókna verði 7.7 m.kr. á árinu 2014.

- Þykkvabæjarklausturssókn og framlag Jöfnunarsjóðs.

Kirkjuráð samþykkti að framlag Jöfnunarsjóðs sókna verði 1,5 m.kr. á árinu 2014.

- KFUM&KFUK og Vatnaskógur.

Kirkjuráð samþykkti að veita úr Jöfnunarsjóði sókna 700 þ.kr. á árinu 2014.

- Háteigssókn í Reykjavík.

Háteigssókn fékk árið 2009 vilyrði fyrir styrk að fjárhæð 5 m.kr. vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar voru. Þar sem ekki var farið í fyrirhugaðar framkvæmdir var styrkurinn ekki nýttur en stendur enn á viðskiptareikningi Jöfnunarsjóðs sókna.

Kirkjuráð samþykkti að fella niður áður veitt vilyrði.

i. Erindi frá Þorlákshúðarfélaginu lagt fram til kynningar.

Þorlákshúðafélagið óskar, í erindinu, eftir styrk til að ljúka uppgjöri vegna byggingar Þorlákshúðar í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að óska eftir endurskoðuðum ársreikningi Þorlákshúðarfélagsins og gera tillögu að afgreiðslu málsins í ljósi hans.

7. TILLAGA UM PRESTSÞJÓNUSTU Í DANMÖRKU OG SVÍÞJÓÐ

Kirkjuþing 2013 skipaði séra Birgi Ásgeirsson, Sigurjónu Sigurðardóttur og séra Gísla Gunnarsson í nefnd sem skyldi koma með tillögum um hvernig prestsþjónustu verði háttáð í Svíþjóð og Danmörku. Séra Gísli Gunnarsson gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og tillögum.

Kirkjuráð samþykkti fjárveitingu að upphæð 500 þ.kr. vegna ársins 2014, til að tryggja prestsþjónustu við íslensku söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku frá og með 1. desember nk. Íslenski söfnuðurinn í Noregi hefur lagt fram fjárstyrk til Biskupsstofu, sem gerir þjóðkirkjunni kleift að fjármagna hálf t prestsembætti við söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku í fimm mánuði á þessu ári.

Kirkjuráð þakkar íslenska söfnuðinum í Noregi það höfðinglega framlag.

Biskup Íslands mun fela séra Ágústi Einarssyni þjónustu við íslensku söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku í hálfu starfi frá og með 1. júní nk.

8. FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA KIRKJUNNAR OG HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta fundar.

9. ÖNNUR MÁL

a. *Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar, skipun nefndarinnar.*

Kirkjuráð samþykkti að framlengja umboð nefndarinnar framyfir kirkjuþing 2014.

b. *Garðaprestakall, Vesturlandprófastsdæmi, prestsþjónusta vegna yfirstandandi árs og í framtíðinni.* Kirkjuþing 2013 samþykkti að vísa máli 6/2013 frá kirkjuþingi.

Biskup gerði grein fyrir afgreiðslu kirkjuþings á málinu.

Kirkjuráð samþykkti að veita ekki fjármagni í stoðþjónustu í Garðaprestakalli, að svo stöddu.

c. *Tálkaþjónusta vegna heyrnarlausra og heyrnarskertra (Samskiptamiðstöð).*

Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta fundar.

d. *Erindi frá Heyrnarhjálp.*

Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta fundar.

e. *Ráðgjafi valnefnda.*

Samkvæmt starfsreglum skal ráðgjafi starfa með valnefndum þegar velja skal nýjan prest. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs hefur annast ráðgjöf við valnefndir.

Kirkjuráð samþykkti að framkvæmdastjóri geti fengið fleiri sérfróða aðila til að sinna ráðgjafarstarfi hjá valnefndum ásamt framkvæmdastjóra vegna þess hve mörg laus embætti verða auglýst á næstu vikum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn í Skálholti miðvikudaginn 7. maí kl. 9

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari